

Öðruvísi Jóladagatal

 -Sælla er að gefa en þiggja



Handbók kennara 2025



**SOS
BARNAPÖRPIN**

Öll börn vilja gott heimili

Um SOS Barnaþorpin

SOS Barnaþorpin eru alþjóðleg hjálparsamtök sem vinna að því markmiði að börn fái að alast upp við góða umönnun hjá stöðugri fjölskyldu. Við störfum víðs vegar um heiminn, í rúmlega 130 löndum. Svona vinnum við:

1. **Fyrirbyggjandi:** Fjölskylduefning SOS styður við barnafjölskyldur í erfiðum aðstæðum svo þær geti annast börnin sín betur.
2. **Nýtt heimili:** Við tryggjum að börn sem eru ein fá öruggt heimili í SOS fjölskyldu eða annarri fósturfjölskyldu. Þetta á við um börn sem eru munaðarlaus, yfirgefin eða eiga fjölskyldu sem þrátt fyrir stuðning getur ekki veitt fullnægjandi umönnun.
3. **Við styrkjum samfélagið:** SOS Barnaþorpin vinna víða um heim að því að koma á góðum skilyrðum og góðri löggjöf fyrir börn. Við stuðlum að því að börn fái að alast upp með systkinum sínum og vinnum gegn fordómum og mismunun barna sem hafa misst fjölskyldur sínar. Í baráttunni fyrir réttindum barna eru SOS Barnaþorpin skýr rödd.



Ekkert barn á að alast upp eitt

Öll börn eiga rétt á umönnun og vernd. Ekkert barn á að þurfa að alast upp eitt. En þrátt fyrir það hefur eitt af hverjum tíu börnum í heiminum misst foreldraumsjón eða á á hættu að missa hana. Börn án foreldraumsjónar eiga minni möguleika á öruggu uppeldi, menntun, heilbrigðisþjónustu eða að komast út úr vítahring fátæktar. Þegar barn missir umönnun foreldra hefur það alvarlegar afleiðingar fyrir barnið sjálft og samfélagið ef ekkert er að gert.

Í Öðruvísi jóladagatali fá nemendur tækifæri til að læra um önnur lönd og börn sem þar búa og þeim gefst tækifæri til að taka höndum saman til að veita viðkvæmustu börnunum umönnun, vernd og öruggara heimili. Í ár bjóðum við grunnskólabörnum á Íslandi að taka þátt í jóladagatalinu tíunda árið í röð.



Gagnlegar upplýsingar um dagatalið

Á hverjum skóladegi í desember opna nemendur nýjan glugga í jóladagatalinu. Gluggana er hægt að opna beint af heimasíðu SOS Barnaþorpanna: <https://www.sos.is/joladagatal/>. Hver gluggi hefur að geyma stutt myndband þar sem nemendur fá að kynnst börnum í öðrum löndum. Í ár ætlum við m.a. að heimsækja Indland, Bosníu-Hersegóvínu, Rúanda, Keníu, Lettland og Sambíu.

Handbók kennara

Í handbók þessari má finna helstu upplýsingar fyrir dagatalið. Þar má meðal annars finna:



Upplýsingar:

Hverjum glugga fylgir stutt kynning á myndbandi dagsins. Þar má sjá um hvað myndbandið fjallar og jafnvel einhverjar bakgrunnsupplýsingar.



Umræðupunktur:

Hverjum glugga fylgja nokkrar spurningar sem ætlaðar eru til að opna fyrir umræður um viðfangsefni dagsins meðal nemenda.



Stafarugl dagsins:

Á hverjum degi svara þátttakendur spurningu sem tengist glugga dagsins. Rétt svar gefur þeim einn bókstaf sem setja þarf á réttan stað í stafaruglið á síðustu blaðsíðu handbókarinnar.

Heimasíðan og efnið í ár

Allt efni sem nota þarf fyrir Öðruvísi jóladagatal er að finna á heimasíðu SOS Barnaþorpanna á: <https://www.sos.is/joladagatal/>. Þar má finna allar helstu upplýsingar um dagatalið, bréf til foreldra (á íslensku, ensku og pólsku), umslög til að safna peningum í, kort af heiminum og gluggana sjálfa. Á hverjum degi er hægt að opna nýjan glugga og mun fyrsti glugginn verða aðgengilegur **mánudaginn 1. desember**.

Sælla er að gefa en þiggja

Samhliða jóladagatalinu bjóðum við þátttakendum að vera með í söfnun í þeim tilgangi að gera heiminn að betri stað fyrir börn. Nemendur taka þá að sér létt verkefni heima fyrir eða í nágreininu (aðstoða við að setja í uppþvottavélina, þurrka af, taka til í herbergjunum sínum, fara út að labba með hundinn) og fá smá aur að launum (frá foreldrum eða þeim sem þau aðstoða) sem þau geta gefið í söfnunina. Börnin geta líka safnað með öðrum hætti (dósasöfnun, kökubasar, tombóla o.fl.). Allur peningur sem kemur inn rennur beint í forvarnarverkefni SOS Barnaþorpanna í Úganda sem vinnur að því að efla barnafjölskyldur sem búa við sárafatækt til að koma í veg fyrir aðskilnað barna frá foreldrum sínum.

Þátttaka í söfnuninni er óháð þátttöku í jóladagatalinu. Hver fjölskylda getur ákveðið hvort hún vilji taka þátt í söfnuninni. Grunnskólabörn á Íslandi hafa safnað rúmlega fimm milljónum króna fyrir börn sem búa við bágar aðstæður frá því Öðruvísi jóladagatal hóf göngu sína árið 2016. Svo eins og sjá má gerir margt smátt eitt stórt 😊 Með þessum framlögum hafa börnin áhrif á tækifæri jafnaldra sinna til að blómstra.

Söfnunin

Þau sem vilja taka þátt í söfnuninni geta lagt inn á reikning verkefnisins: **130-26-050028, kt. 500289-2529** en einnig er hægt að leggja peninginn beint inn á heimasíðu SOS Barnaþorpanna [HÉR](https://www.sos.is).

Stafarugl dagatalsins

Þegar nemendur hafa fundið lausnarorðið í stafarugli dagatalsins geta kennarar sent svarið á hjordis@sos.is. **Dregið verður úr réttum svörum 8. janúar 2026.**



1. desember



Dagur í lífi Kaviyarsi

Fyrsti glugginn í dagatalinu í ár opnast á Indlandi, nánar tiltekið í bænum Nagapattinam sem er á suðurhluta Indlands. Þar býr hin 13 ára gamla Kaviyarsi. Kaviyarsi er mjög listræn og í glugga dagsins sýnir hún okkur meðal annars hvernig hún og systir hennar búa til Rangoli. Rangoli er listform þar sem falleg og litrík mynstur eru búin til með því að nota litað duft, t.d. sand eða hrísgrjónaduft. Listaverkin eru oft útbúin í tengslum við hátíðir á borð við Diwali og Pongal.

Umræðupunktur

- Hvað heitir höfuðborg Indlands?
- Á Indlandi eru 22 opinber tungumál en Tamil er eitt þeirra. Tamil er eitt elsta tungumál heims sem enn er talað. Vitið þið um fleiri tungumál sem töluð eru á Indlandi?
- Indland er núna fjölmennasta land í heimi. Hvað búa margir á Indlandi?
- Þekkið þið einhverjar indverskar hátíðir?

Stafarugl

Hvað heitir bærinn sem við heimsóttum í dag?

Bókstafur 1 fer í reit nr. 10



2. desember



Dinu langar til að verða kennari

Í dag ætlum við að hitta Dinu. Hún er 12 ára og býr í litlum bæ í Bosníu-Hersegóvínu sem heitir Srebrenica. Hana langar til að verða kennari en veit að hún mun sakna vina sinna, fjölskyldu og heimahaganna mjög mikið ef hún flytur til Sarajevó til að læra að verða kennari. Hana langar helst ekki að flytja frá bóndabænum og Srebrenica en eins og staðan er núna þá eru ekki miklir atvinnumöguleikar þar.

Umræðupunktur

- Hafið þið ákveðið hvað þið viljið vera þegar þið verðið eldri?
- Hefur einhver annar áhrif á val ykkar á því sem þið viljið gera?
- Dina talar um mikilvægi skólagöngu og menntunar til að maður geti orðið það sem mann langar til. Eruð þið sammála um að skólinn sé mikilvægur eða getur maður bjargað sér án þess að hafa gengið í skóla? Eru til störf sem maður getur unnið við sem fullorðinn einstaklingur án þess að hafa gengið í skóla?
- Eru aðrar ástæður fyrir því að skólaganga er mikilvæg? (Maður þroskast og vex sem einstaklingur, maður eignast vini, lærir um félagsleg samskipti, hvernig á að leysa ágreining og margt fleira.)
- Hvað finnst ykkur skemmtilegast við skólann? Er eitthvað sem ykkur finnst leiðinlegt?
- Hvað þarf til að okkur líði vel í skólanum og að okkur finnist skemmtilegt að læra?

Stafarugl

Hvaða afkvæmi fæðist í lok myndbandsins?

Bókstafur 1 fer í reit nr. 15



3. desember



Aðstoð heima fyrir

Í 32. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna stendur að börn eigi rétt á vernd gegn vinnu sem spillir eða hindrar nám þeirra eða skaðar heilsu þeirra og þroska. Samt sem áður þurfa mörg börn í heiminum ennþá að vinna í stað þess að ganga í skóla eða vinna störf sem eru hættuleg. Það gerist þegar fullorðna fólkið hefur ekki vinnu sem veitir fjölskyldunni næga peninga til að lifa af eða ef börn eiga engan að sem getur annast þau.

En jafnvel þó börn eigi ekki að taka þátt í barnavinnu þá geta börn vel haft ákveðin verkefni heima fyrir sem þau sinna til að hjálpa fjölskyldunni. Það að taka upp úr uppþvottavélinni, reyta arfa eða taka til í herberginu sínu flokkast ekki undir óhóflega barnavinnu. Það er mikilvægt að börn hjálpi til en það má ekki bitna á skólagöngu þeirra.

Umræðupunktur

- Hafið þið einhverjum skyldum að gegna heima hjá ykkur? Hvaða?
- Hvað finnst ykkur skemmtilegt að hjálpa til með heima? Hvað finnst ykkur leiðinlegt að hjálpa til með heima?
- Hvers vegna er það gott að börn hjálpi til heima fyrir? (T.d. svo fullorðna fólkið hafi ekki allt of mikið að gera, börnin læra að gera hluti sem þau þurfa svo að kunna þegar þau flytja að heiman og þegar barn hjálpar til upplifir það að það hafi eitthvað fram að færa í fjölskyldulífið, kannski fær fjölskyldan þá meiri tíma til að gera eitthvað annað saman?)

Stafarugl

Hverju raða yngstu börnin í tröppurnar?

Bókstafur 1 fer í reit nr. 17



4. desember



SOS mömmur og pabbar

Öll börn eiga rétt á umönnun og vernd, sama hvar í heiminum þau fæðast. En þrátt fyrir það eru eitt af hverjum tíu börnum og ungmennum aðskilin frá fjölskyldum sínum, þau yfirgefin, vanrækt eða búa við aðstæður sem eru ekki góðar fyrir börn. Það er mikilvægt fyrir börn að alast upp á öruggum stað með einhverjum sem gætir þeirra. Ef ekki hjá sinni eigin fjölskyldu, þá hjá einhverjum fullorðnum sem passar þau.

Víðs vegar um heiminn gæta SOS mömmur og pabbar barna sem hafa engan annan til að passa sig. Hlutverk þeirra er að annast börnin sem til þeirra koma, veita þeim stuðning, ást og umhyggju og ala þau upp eins og þau væru þeirra eigin börn. Í dag fáum við að kíkja inn á nokkur heimili og fylgjast með lífinu á bak við tjöldin.

Umræðupunktur

- Hvers vegna er mikilvægt fyrir börn að hafa einhvern fullorðinn sem passar upp á þau?
- Hvað þyrftu börnin að sjá um sjálf ef þau hefðu engan fullorðinn sem gætir þeirra?
- Hvað finnst ykkur gaman að gera með fjölskyldunni ykkar?
- Hvað hefur Chandra Kala alið upp mörg börn á þeim 40 árum sem hún hefur verið SOS mamma?

Stafarugl

Hvaða matur fer inn í ofn í myndbandinu í dag?

Bókstafur 1 fer í reiti nr. 2 og 3



5. desember



Kertagerð í Nagapattinam

Í dag heimsækjum við Indland á ný. Við hittum fyrir mæðgurnar Santhana Mary og Lilly Mary sem ætla að sýna okkur hvernig þær útbúa kerti fyrir íbúa Nagapattinam. Santhana er í 6. bekk en hún hjálpar mömmu sinni oft við að búa til kerti. Hún er stundum smá smeyk því vaxið getur orðið mjög heitt en hún fer varlega og mamma hennar leiðbeinir henni. Með kertunum sínum vilja mæðgurnar senda birtu og yl á heimili og í hjörtu þeirra sem kveikja á þeim.

Umræðupunktur

- Indland er á öðru tímabelti en Ísland. Vitið þið hvað klukkan er á Indlandi þegar hún er 9 á Íslandi?
- Santhana og mamma hennar búa til kertin með því að setja bráðið vax í málm-mót. Það eru til fleiri aðferðir til að búa til kerti. Hafið þið einhvern tímann búið til kerti?
- Kertagerðin hjálpar mæðgunum að afla peninga svo þær geti séð fyrir sér sjálfar og svo Santhana fái að ganga í skóla til að mennta sig. Hvers vegna skiptir svona miklu máli að fá að læra?

Stafarugl

Hvað búa mæðgurnar til í myndbandinu?

Bókstafur 2 fer í reiti nr. 1, 4 og 22



8. desember



Saga Sarajevó

Í dag ætlum við að ferðast til Sarajevó sem er höfuðborg Bosníu-Hersegóvínu. Sarajevó er kannski lítil höfuðborg miðað við aðrar höfuðborgir í Evrópu en þar búa rúmlega 300.000 manns, aðeins færri en á öllu Íslandi. Borgin á sér langa sögu og margir mikilvægir atburðir hafa átt sér stað hérna. Til að kynna borgina fyrir okkur höfum við fengið til liðs við okkur tvær stelpur sem eru í fjölskylduefningarverkefni SOS Barnaporpanna í Sarajevó.

Umræðupunktur

- Hefur eitthvert ykkar komið til Sarajevó?
- Fólk af ólíkum trúarbrögðum hefur búið hlið við hlið í mörg hundruð ár í Sarajevó. Hvað finnst ykkur um það? Hvað er gott við það? Er eitthvað sem getur verið erfitt?
- Tókuð þið eftir stóru ánni sem rann í gegnum miðjan bæinn? Af hverju haldið þið að það séu svona margar mikilvægar borgir í Evrópu sem liggja annað hvort við sjóinn eða með fram stórri á?
- Ema og Esma eru stoltar af borginni sinni og vilja endilega sýna hana. Eruð þið stolt af ykkar borg/bæjarfélagi? Ef einhver, sem hefur aldrei komið í þinn bæ áður, heimsækir þig, hvað myndir þú vilja sýna honum/segja honum frá?

Stafarugl

Sarajevó er höfuðborg hvaða lands?

Bókstafur 1 fer í reit nr. 7



9. desember



Fiskiporpið við Bengalflóa

Varchan býr í fiskiporpinu TR Pattinam á Indlandi. Hann fær stundum að fara með pabba sínum að veiða fisk en það finnst honum mjög skemmtilegt. Honum finnst líka gaman að hlaupa út í sjó með vini sínum eða byggja sandkastala á ströndinni. Foreldrar hans veiða fisk og selja á stórum fiskmarkaði í Nagapattinam. Í dag fáum við að fylgjast með Varchan og fjölskyldu hans.

Umræðupunktur

- Varchan er ekki mjög hrifinn af morgunmatnum sem hann fær í myndbandinu. Hvað fáið þið ykkur í morgunmat?
- Pabbi Varchan talar um að það sé erfiðara að veiða fisk í ánni núna því loftslagsbreytingar hafi haft áhrif á hana. Hvaða áhrif hafa loftslagsbreytingar haft á Ísland?
- Hvað getum við gert til að draga úr loftslagsbreytingum?
- Varchan á marga vini sem fá ekki að ganga í skóla. Hvers vegna haldið þið að það sé?

Stafarugl

Hvaða náttúrufyrirbæri eyðilagði bæinn hans Varchan árið 2004?

Bókstafur 3 fer í reit nr. 19 (*Passið vel upp á hvernig fyrirbærið er skrifað*)



10. desember



Bollubakstur í Zambíu

Það eru ekki öll börn í heiminum sem fá að sitja í svona skólastofu eins og þið sem hér sitjið. Samkvæmt Sameinuðu þjóðunum eru um 260 milljónir barna sem hafa ekki aðgang að viðeigandi menntun. Í dag liggur leið okkar til Afríku. Þar hittum við fyrir mæðgur sem hafa upplifað erfiða tíma. Fyrir tveimur árum gat móðirin ekki sent börnin sín í skóla. Börnin þurftu að hjálpa mömmu sinni á markaðinum. Mamman átti ekki pening fyrir skólabókum eða skólabúningum og auk barnanna sinna níu bar hún einnig ábyrgð á barnabarni og barni sem hafði misst foreldra sína. Með hjálp frá fjölskyldueflingu SOS Barnaporpanna hefur lífið heldur betur breyst. Við sjáum að oft þarf ekki mikið til að hjálpa fólki upp úr mestu erfiðleikunum.

Umræðupunktur

- Hvernig væri það ef þið fengjuð ekki að ganga í skóla? Hvers mynduð þið sakna mest?
- Hvernig væri það ef þið mynduð aldrei læra að lesa/skrifa/reikna? Hvernig ætli gangi að fá vinnu ef maður hefur aldrei gengið í skóla?
- Hverjar eru neikvæðu afleiðingarnar fyrir landið ef mörg börn fá ekki skólagöngu?
- Munið þið hvaða aðstoð mamman fékk frá fjölskyldueflingu SOS Barnaporpanna? Hún fékk pening til að kaupa hveiti og hjálp við að selja bollurnar og fá fyrir þær pening. Hverju breytti þetta fyrir fjölskylduna?

Stafarugl

Hverju er mamman að safna fyrir?

Bókstafur 1 fer í reiti nr. 5 og 9



11. desember



Tækifæri til menntunar

Í myndbandi dagsins heimsækjum við Rúanda og hittum þar Mugisha. Mugisha er 16 ára og býr hjá frænku sinni og frænda. Pabbi hans lést og mamma hans var veik og gat ekki annast hann en frænka hans og frændi vildu gæta hans og styðja hann til náms. Skólinn hans Mugisha er í 15 km fjarlægð frá heimilinu og enginn strætó eða skólabíll er á svæðinu. Mugisha labbar þess vegna í skólann. Það tekur hann langan tíma enda jafngildir það að ganga 143 fótboltavelli, hvora leið.

Mugisha verður stundum þreyttur í fótunum en honum finnst mikilvægt að fá að læra svo hann verði sjálfstæður í framtíðinni.

Umræðupunktur

- Hvernig farið þið í skólann?
- Hvað tekur það ykkur langan tíma að labba frá heimilinu ykkar og í skólann?
- Mugisha er 3 klukkutíma að ganga hvora leið í og úr skólanum, eða 6 klukkutíma á dag. Það er megnið af frítíma hans. Hvað gerið þið í ykkar frítíma?
- Hvað langar Mugisha að verða þegar hann verður stór?

Stafarugl

Í hvernig skóm er Mugisha í myndbandinu?

Bókstafur 1 fer í reit nr. 23



12. desember



Azra og kartöflubakan

Við ætlum að heimsækja stelpu sem heitir Azra. Hún er níu ára og á heima í SOS barnaporpi í Bosnía. Azra finnst skemmtilegt að hjálpa til heima og þá sérstaklega þegar kemur að því að útbúa bosníska kartöfluböku sem er vel þekktur réttur í Bosnía. Azra fer líka stundum út í búð með eldri systur sinni til að kaupa í matinn. Þegar við hjálpum til erum við líka að æfa okkur og undirbúa fyrir framtíðina og verkefnin sem bíða okkar. Í dag fáum við að fylgjast með Azra búa til bosníska kartöfluböku.

Umræðupunktur

- Eruð þið dugleg að hjálpa til heima hjá ykkur? Hvað gerið þið?
- Er mikilvægt að hjálpa til heima hjá sér? Hvers vegna/hvers vegna ekki?
- Hvers vegna er gott fyrir fullorðna fólkið að fá aðstoð heima?
- Börn mega ekki vinna svo mikið að þau geti ekki gengið í skóla. Af hverju er menntun svona mikilvæg?
- Hvað lærum við í skólanum?


Stafarugl

Azra notar tvö krydd í bökuna sína, annað er salt hitt er _____?

Bókstafur 1 fer í reiti nr. 20 og 21



15. desember



Langur gangur í skólann

Öll börn eiga rétt á menntun. En það er ekki nóg að fá bara skrifborð til að sitja við í einhverjum bekk. Börn geta ekki lært ef þau hafa ekki borðað nægan mat í langan tíma eða ef þau eru áhyggjufull eða kvíðin vegna veikinda foreldra. Ef þau hafa ekki almennilegan stað til að sinna heimanámi eða engan til að aðstoða sig við það. Eða ef það tekur of langan tíma að fara í skólann.

Í dag ætlum við að heimsækja þrjú systkini sem búa í Bosníu-Hersegóvínu. Það er nokkuð langt fyrir þau að ganga í skólann. Á veturna þegar það er mikill snjór getur verið erfitt að komast áfram. Í fyrravetur fjallaði bosnísk sjónvarpsstöð um leið Amir, Amra og Amira í skólann. Þegar við kíkjum í heimsókn til þeirra er sem betur fer vor og þó svo að vegurinn sé langur er auðvelt að ganga hann – sérstaklega þegar þau eru þrjú samferða.

Umræðupunktur

- Hvaða grein Barnasáttmálans fjallar um rétt barna til menntunar?
- Hvað er gott við að hafa einhvern sem gengur með manni í og úr skóla?
- Mörg börn í heiminum þurfa að ganga svo langa leið í skólann að þau þurfa að fara mjög snemma á fætur. Getur fullorðna fólkið gert eitthvað í því?
- Stundum tekur það of langan tíma að fara fram og til baka í skólann á hverjum degi og þá gista börnin á virkum dögum í skólanum, í svokallaðri heimavist. Þar passar fullorðið fólk upp á börnin á virku dögnum og svo fara þau aftur heim til fjölskyldna sinna um helgar. Hvernig haldið þið að ykkur liði að búa annars staðar en heima hjá ykkur á virkum dögum?

Stafarugl

Nöfn allra systkinanna byrjar á sama bókstaf, hvaða stafur er það?

Bókstafur 1 fer í reiti nr. 8, 11 og 16

16. desember



Saumastelpan Mutoni

Mutoni er 9 ára stelpa sem býr ásamt fjölskyldu sinni í sveit í Rúanda. Mutoni er mjög dugleg að aðstoða mömmu sína með hin ýmsu verkefni heima fyrir en henni finnst líka mjög gaman að sauma. Hún passar upp á að grísinn þeirra fái að borða en hún er líka mjög dugleg í skólanum. Hana dreymir um að verða klæðskeri og opna sína eigin fatabúð þegar hún verður stór. Til þess að sá draumur verði að veruleika þarf Mutoni að vera dugleg í skólanum.

Umræðupunktur

- Í hvaða heimsálfu er Rúanda?
- Hvernig er fáni Rúanda á litinn?
- Mutoni finnst gaman að sauma í frítíma sínum. Finnst ykkur gaman að sauma?
- Hvað langar ykkur að verða þegar þið verðið stór?

Stafarugl

Frá hvaða landi kemur Mutoni?

Síðasti bókstafurinn fer í reiti nr. 12 og 14



17. desember



Valdir teiknar tilfinningar sínar

Það er ekki alltaf auðvelt að tala um það hvernig manni líður. Stundum er kannski erfitt að koma tilfinningum sínum í orð. Maður upplifir eins og orðin festist í hálsinum og stundum er bara ómögulegt að útskýra tilfinningarnar sínar. Þá getur verið gott að nota aðrar leiðir til að tjá tilfinningar sínar. Það er til dæmis hægt að tjá sig með söng eða dansi, í gegnum ljóð eða með því að teikna tilfinningarnar. Í dag ætlum við að hitta strákar sem finnst mjög gaman að teikna, sérstaklega þegar honum líður ekki vel.

Umræðupunktur

- Hvað finnst ykkur gaman að teikna?
- Hefur eitthvert ykkar prófað að teikna tilfinningu eða einhverja hugsun? Er það létt/erfitt, gott/slæmt?
- Hvað gerist þegar maður setur erfiðar tilfinningar eða hugsanir niður á blað?
- Getið þið komið með uppástungu um hvað maður getur gert ef manni líður illa eða eitthvað er erfitt? (Dansa, hlaupa, skrifa ljóð, hoppa á trampólíni, fara í fótbolta, körfubolta, handbolta, tala við fjölskyldu/vini.)
- Þekkið þið einhvern listamann sem er þekktur fyrir að teikna/mála? (Muggur, Erró, Kjarval, Leonardo da Vinci.)

Stafarugl

Hvað gerir Valdir til að takast á við tilfinningar sínar? Hann _____

Bókstafur 1 fer í reiti nr. 6, 18, 24 og 25



18. desember



Dagur í lífi Dorothy

Í dag ætlum við til Afríku, nánar tiltekið til Líberíu sem er land í vesturhluta Afríku. Í Líberíu er mun hlýrra en á Íslandi en þar er hitabeltisloftslag og því heitt allan ársins hring. Í myndbandi dagsins fáum við að kíkja til Dorothy sem býr í barnaþorpi í Líberíu. Borgarastyrjöld sem geisaði í mörg ár hefur gert það að verkum að mörg börn í Líberíu hafa ekki fengið menntun. Jafnvel þó að nú ríki friður eru enn margir sem ekki ganga í skóla. Dorothy er meðal þeirra heppnu sem fá að ganga í skóla. Í myndbandi dagsins fáum við að fylgja henni í gegnum venjulegan dag í lífi hennar.

Umræðupunktur

- Þekktuð þið einhver af dýrunum sem þið sáuð í myndbandinu? Búa einhver þeirra á Íslandi? Hefur eitthvert ykkar séð villt afrísk dýr? Til dæmis í dýragarði?
- Dorothy sefur undir flugnaneti – munið þið af hverju? Eru svona hættulegar flugur á Íslandi?
- Sáuð þið Dorothy gera eitthvað í myndinni sem þið eruð vön að gera á hverjum degi? Gerði hún eitthvað sem er ólíkt ykkar venjum?
- Dorothy er mjög ánægð með að fá að fara í skóla, það eru nefnilega ekki öll börn í Líberíu sem fá það – af hverju haldið þið að það sé?

Stafarugl

Nú ættu allir stafirnir að vera komnir í stafaruglið. Ekki gleyma að senda rétt svar á hiordis@sos.is. Dregið verður úr réttum lausnum 8. janúar.



Stafarugl Öðruvísi jóladagatals SOS Barnaporpanna 2025

Á hverjum degi svara þátttakendur spurningu sem tengist glugga dagsins.
Rétt svar gefur þeim einn staf sem setja þarf á réttan stað í stafaruglið hér að neðan.
ATH! Ekki er gerður greinarmunur á grönnum og breiðum sérhljóðum.

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	

Sendið lausnina á hjordis@sos.is.

Dregið verður úr réttum lausnum fimmtudaginn 8. janúar.